

STRÖNDUNGUR

21. janúar 2014 ★ 1. tbl. 2. árg.



Fjáröflun - dósir - pappír og fiskur

Sælir sveitingar. Við ætlum að vera á ferðinni 24. janúar og safna dósum og taka einnig við pöntunum á pappír og fiski. Pöntunarblöð verða send á heimilin í vikunni á undan.

Bestu kveðjur, 8.-10. bekkur

Næstu rusladagar:

23. janúar - Almennt sorp

6. febrúar - Almennt sorp

13. febrúar - Endurvinnsla

Íbúar eru minntir á að taka ruslapoka upp úr tunnum á almennum sorpdögum og að tryggja aðgengi að endurvinnslutunnum þá daga sem hún er tæmd.

Höfðingjakaffi

Karlar og konur, 60 ára og eldri, eru boðin í kaffi og spjall í Valsárskóla laugar- daginn 25. janúar n.k. kl. 11:00-13:00.

Jón Hrói Finnsson, sveitarstjóri, kemur til að ræða félagsstarf eldri borgara.

Látið berast til brottfluttra.

Hlökkum til að hitta ykkur!

Kvenfélagskonur

Bókasafn

Bókasafnið er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Fræðslukvöld

Foreldrafélag Álfaborgar og Valsárskóla býður upp á fræðslukvöld í Valsárskóla mánudaginn 27. janúar kl. 20:00.

Eyrún Kristína Gunnarsdóttir, sálfræðingur, mun fara yfir ýmislegt sem snýr að uppeldi og árangursríkum samskiptum foreldra og barna. Sérstaklega verður skoðað hvernig efla má æskilega hegðun og hvaða áhrif streita foreldra getur haft á hegðun barna þeirra.

Eyrún lauk cand. psych. prófi frá Háskóla Íslands árið 2003. Að loknu námi starfaði hún í tíu ár við barna- og unglingsgeðdeild Sjúkrahússins á Akureyri en rekur nú eigin sálfræðistofu á Akureyri. Þar veitir hún m.a. ráðgjöf og meðferð fyrir börn og fjölskyldur vegna margvíslegra erfiðleika, eins og kvíða, þunglyndis, streitu og árátta-þráhyggju.

Þorablót Ströndunga 2014

Hið árlega þorablót Gullstrandarinnar verður haldið í íþróttahúsi Valsárskóla laugardaginn 8. febrúar. Húsið verður opnað kl. 19:30 og blótið sett stundvíslega kl. 20:00.

Hljómsveit Snorra Guðvarðar leikur fyrir dansi og Helena Eyjólfsson mun syngja nokkur lög.

Hefðbundinn þorramatur verður í boði Kjarnafæðis.

Eftirtaldir aðilar taka við miðapöntunum í síma fram til 31. jan eftir kl. 17:

Óli: 892 6076

Helga: 846 9312

Jón Hrói: 840 9330

Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið: blot@svalbardsstrond.is

Miðasala verður í andyri Valsárskóla á milli kl. 18 og 20 þriðjudaginn 4. febrúar og miðvikudaginn 5. febrúar. Miðaverð er 3.500 kr.

Í ár verður GULLPEMA svo allir að mæta í einhverju gylltu. Boðið verður upp á sætaferðir til Akueyrar að blóti loknu.

kveðja,

Svalasta þorablótsnefndin ! :D

Æskan - Vetrarstarf Æskunnar er hafið!

Á fimmtudögum, strax eftir skóla, er skákæfing undir stjórn Hjörleifs Halldórs-sonar. Skákin hefst 14:10 og lýkur 15:30.

Laugardagsmorgnar eru nýhafnir og verða milli 11 og 12 á laugardagsmorgnum þegar salurinn er ekki upptekinn vegna annars. Laugardagsmorgnar eru ætlaðir elstu börnum leikskóla og börnum á grunnskólaaldri. Við hvetjum ykkur til að fylgjast með heimasíðu félagsins, aeskan.umse.is, en þar verða aðgengilegar upplýsingar um dagskrá vikunnar auk þess sem við tilkynnum þegar æfingar falla niður.

F.h. stjórnar, Starri Heiðmarsson

Strætó

Hér er samantekt á ferðum Strætó um Svalbarðsströnd, leiðir nr. 56 og 79, breytingar tóku gildi 5. janúar sl. Hver afleggjari er stoppistöð.

Leið 56:

Mán, mið, fös og sun			
Til Akureyrar		Frá Akureyri	
Fnjóskárbrú	12:10	Akureyri - Hof	15:15
Akureyri - Hof	12:40	Fnjóskárbrú	15:45

Leið 79 :

Til Akureyrar					
	Mán-Fös			Sun og helgidaga	
Fnjóskárbrú	7:21	14:26	17:16	8:31	18:16
Verkmenntaskóli	7:49				
Pórunnarstræti/FSA	7:51				
Borgarbraut/Háskóli	7:54				
Akureyri - Hof	7:57	14:52	17:42	8:57	18:42

Frá Akureyri					
	Mán-fös			Sun og helgidaga	
Akureyri - Hof	8:27	15:00	18:12	9:27	19:27
Svalbarðseyri	8:40	15:13	18:25	9:40	19:40
Fnjóskárbrú	8:53	15:26	18:38	9:53	19:53

Kynnið ykkur ferðir og verðskrá Strætó nánar á www.straeto.is.

Litið um öxl

Viðtal frá september 1988



Henry og Valdimar í málningargöllum.

Mynd: TLV

Upprennandi málarar á Svalbarðseyri

Á svalbarðseyri voru nú nýverið nokkrir strákar að mála leiktæki við skólann. Tveir þeirra, Valdimar Jónsson 10 ára og Henry Indriðason 13 ára voru alveg til í smá spjall á meðan þeir kepptust við að mála.

“Ég er ekki í unglíngavinnunni,” tilkynnti Valdimar og bætti við að hann væri bara að þessu sér til gamans. Henry er aftur á móli í vinnu og í sumar sagðist hann aðalleg hafa verið að slá fótboltavöllinn og lóðir fyrir íbúa þorpsins.

Henry hefur alltaf átt heima á Svalbarðseyri en Valdimar bjó einu sinni á Akureyri í 1 ár. Strákarnir voru í barnaskólanum á Svalbarðseyri í vetur og kemur Valdimar til með að halda áfram þar en Henry fer í heimavist á Hrafnagili eins og flestir jafnaldrar hans í Svalbarðsstrandarhreppi.

Þeir sögðu ekki mikið vera um félagslíf fyrir krakkana fyrir utan íþróttir. “Við höfum fótboltafélag hérna sem heitir Æskan,” sagði Henry og sagðist alls ekki halda með KA en það gerði Valdimar hins vegar.

Aðspurðir sögðu þeir félagarnir að það væru ekki allir jafn skemmtilegir á Svalbarðseyri. “Sumir eru svolítið skemmtilegir en ekki allir,” sögðu þeir.

Dagur, 173. tbl. (14.09.1988), bls. 14

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2684648

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 18. febrúar - skil 14. feb.